

Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

16. fundur, haldinn á skrifstofu FSÍ, þriðjudaginn 13. mars 2018, kl. 17:00

Fundinn sátu: Arnar Ólafsson, Kristinn Arason, Kristín Ívarsdóttir, Hulda Árnadóttir, Sólveig Jónsdóttir, Hlín Bjarnadóttir og Inga Valdís Tómasdóttir.

Fundargerð ritaði: Hulda Árnadóttir

1. Erindi frá fræðslustjóra vegna greiðslufyrirkomulags Fræðslunefndar – til umræðu

Í erindinu er vísað til þess að fyrr í vetur hafi verið samþykkt að breyta fyrirkomulagi á greiðslu fyrir kennslu á námskeiðum. Þá kemur fram að á fundi með Fræðslunefnd 4. mars síðastliðinn hafi greiðslufyrirkomulag verið rætt. Fram kemur að að nefndin sé ánægð með þær breytingar sem gerðar voru en telji að ákvörðun þurfi að taka um neðangreint:

- Á sá kennari sem er með yfirumsjón í þeim tilvikum sem fleiri en einn kennari annast námskeið að fá meira greitt en aðrir?
- Hvernig á að haga greiðslum fyrir vinnu við námsefni?
- Hvernig á að haga greiðslum þegar námskeið eru haldin úti á landi?

Þá kemur fram að mikilvægt sé að greiðslufyrirkomulag sé gegnsætt.

Ákveðið að óska eftir því að fræðslunefnd leggi tillögu um ofangreind atriði fyrir næsta fund í samráði við fræðslustjóra.

2. Formannafundur 23. mars n.k. – til umræðu

Framkvæmdastjóri kynnir þau atriði sem starfsfólk sambandsins telur rétt að verði rædd og/eða kynnt á formannafundi. Ákveðið að hluti þeirra verði tekinn til umræðu.

Til viðbótar þeim atriðum telur formaður stjórnar mikilvægt að mótagjöld og fyrirkomulag þeirra séu sérstaklega rædd.

Þá greinir framkvæmdastjóri frá þeim erindum sem þegar hafa borist fyrir fundinn frá einstökum formönnum.

Sérstök umræða var um ímynd FSÍ og mikilvægi þess að efla FSÍ hjartað. Ákveðið að yfirskrift fundarins verði „Eflum FSÍ hjartað á afmælisárinu – Aukin samkennd og samvinna“.





3. Önnur málefni – til upplýsingar og umræðu

- Umræður um starfsemi skrifstofu FSÍ og líðan starfsfólks
- Upplýsingar um úthlutun frá afrekssjóði
- Upplýsingar um umsóknir um styrki frá Olympic Solidarity
- Upplýsingar um stöðu starfs afmælisnefndar
- Upplýsingar um fyrirhugaða heimsókn frá fulltrúum vegna EuroGym 2020 og stöðu á undirbúningi

Fundi slitið kl. 18:50

17. fundur stjórnar verður haldinn á skrifstofu FSÍ, þriðjudaginn 27. mars 2018, kl. 17:00

